

Stofnanasamningur milli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Stofnanasamningur þessi er gerður milli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) um forsendur röðunar starfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hins vegar.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra hjúkrunarfræðinga sem starfa við HSS og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. Markmið

- Að launasetning og starfaflokkun í samningnum sé sveigjanleg og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og byggi á hlutlægum mælikvörðum.
- Að starfaflokkun og starfsheiti nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar.
- Að stofnanasamningur feli í sér hvata fyrir hærra starfshlutfall, feli í sér leiðir til þess að draga úr yfirvinnu og bæta starfsumhverfi vaktavinnumanna.

3. Starfaflokkun og röðun sbr. fylgiskjali 1:

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launaflokkar</u>
Hjúkrunarfræðingur 1	6:2
Hjúkrunarfræðingur 2	7:2
Hjúkrunarfræðingur 3	8:2
Hjúkrunarfræðingur 4	10:1
Aðstoðardeildarstjóri	11:1-13:1
Hjúkrunardeildarstjóri í skólaheilsugæslu í Grindavík*	11:1
Hjúkrunardeildarstjóri	12:1-15:1
Yfirhjúkrunarfræðingur	16:1

Stjórnendur fá álag fyrir starfshlutfall, 1 þrep ef 80% starf, 2 þrep ef 90% starf og 3 þrep ef 100% starf.

*Hjúkrunardeildarstjórinn hefur ekki mannaforráð.

Aðstoðardeildarstjóri sem er staðgengill yfirhjúkrunarfræðings raðast einum launaflokki ofan á grunnröðun.

Röðun skv. ofangreindum starfsheitum er lágmarksröðun. Starfsmaður getur raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í 4. grein.

3.1 Tilraunaverkefni

Ákveðið hefur verið að launaraða hjúkrunarfræðingum á eftirfarandi hátt í lið 3.1 sem tilraunaverkefni til sex mánaða. Markmið tilraunaverkefnisins er að auka fast starfshlutfall

hjúkrunarfræðinga og draga úr óreglulegri yfirvinnu. Að sex mánuðum liðnum munu samningsaðilar fara yfir árangur verkefnisins og meta hvort því verði haldið áfram eða breytingar gerðar:

- Hjúkrunarfræðingur í 80-89% starfi raðast einum launaflokki hærra í vaktavinnu.
- Hjúkrunarfræðingur í 90-99% starfi raðast einum launaflokki og einu þrepi hærra í vaktavinnu og einu þrepi í dagvinnu.
- Hjúkrunarfræðingur í 100% starfi raðast tveimur launaflokkum hærra í vaktavinnu og einum launaflokki flokki í dagvinnu.

4. Persónubundnir þættir

4.1 Viðbótarmenntun

Diplómapróf, 30 ECTS einingar	1 flokkur
Diplómapróf, 60 ECTS einingar	1 flokkur og 1 þrep
Meistarapróf, 120 ECTS einingar	1 flokkur og 2 þrep

Fyrstu 30 ECTS einingar í viðbótarnámi eru metnar til tveggja þrepa hækkunar, eftir það eru hverjar 30 einingar metnar til 1 þrepa hækkunar.

Hækkanir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt þessum kafla ber að meta svo, að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að og að hámarki um 1 flokk og 2 þrep, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms.

4.2 Símenntun

Námskeið og fagráðstefnur 120 kennslustundir	1 þrep
--	--------

4.3 Tryggð við stofnun (gildir fyrir hjúkrunarfræðing 1-4)

Sjö ár í starfi	1 þrep
Tólf ár í starfi	1 þrep

5. Vinnutími

Álag fyrir næturvinnu sem nemur 50% af fullu starfi eða meira er greitt með álagi á láréttum ás eins og hér segir:

- Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi, skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningasamningi (eða breytingatilkynningu) við viðkomandi starfsmann. Til að vakt teljist næturvakt þarf meirihluti hennar (fimm klst. eða meira) að vera unnin eftir miðnætti. Ef gert er ráð fyrir að 50% til 59% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur fjórum þrepum. Sé hins vegar gert ráð fyrir 60% eða hærra hlutfalli af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðast fimm þrep.

6. Röðun í launaflokka

Hjúkrunarfræðingur sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónubundinna þátta sem er umfram 8 þrep færast í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

7. Starfsmannasamtöl

Einu sinni á ári ber yfirmanni að boða hvern starfsmann í samtal til að ræða starf hans og starfssvið. Tilgangur samtalanna er:

- Samhæfa markmið starfsmanns og stofnunar.
- Tryggja skýrleika í starfseminni.

- Greina verk- og ábyrgðarsvið starfsmanna og stjórnenda.
- Vinna að starfspróun starfsmanna m.t.t. hæfni í starfi.
- Skoða samstarf starfsmanns og stjórnanda.
- Bæta starfsskilyrði starfsmanna.
- Auka framleiðni, starfsánægju og styrkja starfsanda.
- Endurmat á starfssviði með tilliti til starfslýsingar.

8. Réttur til endurmats á röðun

- Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna.
- Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

9. Endurskoðun

Aðilum stofnanasamnings er heimilt að endurskoða hann eigi sjaldnar en einu sinni á ári og skal þar metið hvort ástæða sé til breytinga.

10. Gildistaka

Samningur þessi tekur gildi þann 1. janúar 2019.

f.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Bókanir

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að eftir undirskrift þessa stofnanasamnings verði öllum almennum hjúkrunarfræðingum endurraðað/ varpað í nýja starf flokka á eftirfarandi hátt

Eldri starf flokkur

Starfsmaður 2

Starfsmaður 3

Starfsmaður 4

Sérfræðingur 1A

Nýr starf flokkur

Hjúkrunarfræðingur 1

Hjúkrunarfræðingur 2

Hjúkrunarfræðingur 3

Hjúkrunarfræðingur 4

Við vörpun á launasetningu hjúkrunarfræðinga er verið að út frá ákvæðum nýs stofnanasamnings. Ákvæði sem áunnist hafa áður falla niður. Gætt verður að enginn hjúkrunarfræðingur muni lækka í launum við slíka endurröðun.

Bókun 2

Eftir undirritun verður unnið að nýjum starfslýsingum fyrir starf flokka hjúkrunarfræðinga, auk nánari skilgreininga á starf flokkun. Stefnt skal að því að vinnu við nýjar forsendur verði lokið ekki síðar en 1. mars 2019.

Bókun 3

Unnið verður að nýjum forsendum fyrir launaröðun hjúkrunardeildarstjóra sem mun byggjast á umfangi starfs þeirra. Stefnt skal að því að vinnu við nýjar forsendur verði lokið ekki síðar en 1. mars 2019.

Bókun 4

Þar sem stofnanasamningur þessi tekur gildi þann 1. janúar 2019 eru samningaðilar sammála um að fjárhæð sem Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fær vegna bókanar 3 í dómssátt sem Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gerði fyrir Gerðardómi árið 2015 verði greidd til hjúkrunarfræðinga sem eingreiðsla þann 29. desember 2018. Nánari útlistun á eingreiðslu er í sérstöku minnisblaði. Á næsta ári mun fjárhæðin ganga upp í kostnað við þennan stofnanasamning.